

Fundargerð innviðanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga þriðjudag 4. febrúar 2025

Þriðjudaginn 4. febrúar 2025, kl 14.00 kom innviðanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga saman til fjarfundar.

Mætt voru Páll Vilhjálmsson, formaður, Arinbjörn Bernharðsson, Kristján Þ Kristjánsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar hjá Vestfjarðastofu og ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins er sem hér segir.

1. Ályktanir 69. Fjórðungspings, umfjöllun og forgangsörðun nefndarinnar
2. Skipulag fundar Vegagerðar og Vestfjarðastofu, 18. mars n.k. á Patreksfirði
3. Sólmyrkvi, 12. ágúst 2026.
4. Farnet á stofnvegum.
5. Svæðisskipulag Vestfjarða
6. Önnur mál

Formaður kannaði með boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og fundur settur.

1. Ályktanir 69. Fjórðungspings, umfjöllun og forgangsörðun nefndarinnar

Lagt fram til umfjöllunar ályktanir 69. Fjórðungspings Vestfirðinga til máls tóku Páll, Arinbjörn, Kristján.

Nefndin leggur áherslu á að efni ályktanna verði kynnt þar til bærum aðilum. Áréttað að fylgja verði einnig nauðsyn á endurbótum á Strandavegi vegna byggingar Hvalárvirkjunar.

Sviðsstjóri kynnti að beðið hefði verið eftir skipan nýrrar ríkisstjórnar og strax hefði verið að óskað hefði verið eftir fundi með samgönguráðherra og dómsmálaráðherra til að fylgja eftir efni ályktanna. Fundarbeiðnum hefði ekki verið svarað endanlega en tekið er jákvætt í að funda, einnig væri unnið að fá fundi með fleiri ráðherrum.

2. Skipulag fundar Vegagerðar og Vestfjarðastofu, 18. mars n.k. á Patreksfirði

Vegagerðin hefur óskað eftir samstarfi um skipulag íbúafundar um vegaframkvæmdir á Vestfjörðum. Boðað var til fundar formanns innviðanefndar og Vestfjarðastofu og Vegagerðar þann 30. janúar s.l.. Á fundinum var tekin sú ákvörðun að fundurinn verði haldinn þriðjudaginn 18. mars n.k. í Félagsheimilinu Patreksfirði.

Tilgangur fundarins er að ræða ferli við að ljúka framkvæmdum í Gufudalssveit og Dynjandisheiði. Eins verði rætt fyrirkomulag og breytingar á vetrarþjónustu á Vestfjörðum auk fleiri mála.

Til máls tóku Kristján, Nanný, Sigríður.

Nefndin fagnar þessum fundi til að ræða mál sem kominn eru á framkvæmdastig og um fyrirkomulag vegapjónustu. Nefndin leggur síðan áherslu á að ná fundi með samgönguráðherra til að ræða framtíðarverkefni í samgöngumálum.

Varðandi fyrirkomulag fundarins leggur nefndin til að tímasetning hans miðist við utan vinnutíma t.d. kl 17.30 og að tryggt verði með mokstur frá öðrum hlutum Vestfjarða til og frá fundarstað. Einnig að séð verði til að streymt verði af fundinum og mögulegt verði að setja fyrirspurnir inn á fundinn.

Sviðsstjóra falið að undirbúa málið í samráði við Vestfjarðastofu og Vegagerð.

3. Sólmyrkvi, 12. ágúst 2026.

Formaður kynnti að Vesturbyggð hafi stofnað starfshóp um þann viðburð sem almyrkvi á sólu er og sést frá vestanverðu landinu, en lengsti tími almyrkvans er á Látrabjargi.

Formaður kynnti að starfshópur Vesturbyggðar hafi fundað með stofnunum og viðbragðsaðilum og sérfræðiálit gæfi til kynna að mannfjöldi geti skipt þúsundum.

Óskaði formaður eftir umræðu nefndarinnar um áhrif á þessa á innviði Vestfjarða og kynnt að stjórn Vestfjarðastofu hefði samþykkt fjárhagsramma áhersluverkefnis innan Sóknaráætlunar á árinu 2025 og 2026.

Til máls tóku, Páll, Nanný, Kristján, Sigríður.

Innviðanefnd tekur undir að augljóst verði að mikið álag verði á alla innviði og hraða verði úrbótum á vegum og fjarskiptakerfum. Eins krefst þessi viðburður mikils samráðs og skipulagningar að hálfu sveitarfélaga, stofnana og viðbragðsaðila. Greina verði hvernig megi dreifa álagi á innviði s.s. fleiri útsýnisstaði. Viðburðinn gefur einnig mikilsvert tækifæri á að kynna ferðapjónustu í Vesturbyggð og Vestfjörðum öllum.

4. Farnet á stofnvegum. Skýrsla Fjarskiptastofnunar

Sviðsstjóri fór yfir efni greinargerðar Fjarskiptastofnunar frá 20. desember 2024 og efni bókunar frá stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga 29. janúar s.l., varðandi tillögu greinargerðinnar um seinkun á uppbyggingu farnetskerfa á Vestfjörðum.

Innviðanefnd tekur undir bókun stjórnar.

5. Svæðisskipulag Vestfjarða

Sviðsstjóri kynnti að frumdrög svæðisskipulags hefðu verið birt í lok desember þar sem tilgreint er vali á framtíðarmynd af mannfjöldaþróun, áskorunum og viðfangsefnum sem því muni fylgja og samspili við uppbygginu innviða á Vestfjörðum.

Í framhaldi framlagningu frumdraga, hefði komið fram umræða á meðal sveitarstjórnafulltrúa á Vestfjörðum, þess efnis að forgangsröðun innviðaframkvæmda yrði sett fram í svæðisskipulagi.

Sviðstjóri kynnti það sjónarmið að eðli svæðisskipulags væri að draga fram heildarsýn og samspil mismuandi þátta. Mögulegt er að festa þar forgangsröðun í svæðisskipulag en það væri þá til langs tíma. Önnur nálgun væri að vinna að forgangsröðun með tilvísun í svæðisskipulag líkt og samspil Borgarlínu og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðis.

Til máls tóku, Páll, Kristján og Nanný.

Niðurstaða umræðu er að innviðanefnd, telur að vinna eigi að forgangsröðun í samspili við svæðisskipulagið en sem afmarkað verkefni. Skoða eigi stöðu samgöngukerfisins á grundvelli fyrirliggjandi gagna og nýrra gagna ef þörf er á. Meta síðan þróun samfélags og atvinnulífs og setja spá um þróun umferðar og flutninga og mat á framkvæmdþörf, niðurstöður þessara vinnu hafi síðan áhrif á vinnu að svæðisskipulagi. Innviðanefnd fái hér ráðgefandi hlutverk um afmörkun verkefnisins og framkvæmd þess.

6. Önnur mál

Sviðsstjóri upplýsti að í undirbúningi er málþing um orkuskipti í smábátum, Vestfjarðastofa og Blámi standa að þinginu, sem stefnt er á að verði haldið í apríl n.k..

Næsti fundur verði boðaður 4. mars kl 14.00, í fjarfundi.

Fundi slitið kl 15.20